

18. september 2025



# Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2025

Kynning fyrir fjárlaganefnd  
Seinni hluti

| **Stjórnarráð Íslands**  
| Fjármála- og efnahagsráðuneytið



# Efnisskipan kynningar

## *mánudaginn 16. september*

1. Efnahagshorfur
2. Markmið og niðurstöður í ríkisfjármálum
3. Samstæðuyfirlit A-hluta í heild

## *miðvikudaginn 18. september*

1. Tekjur ríkissjóðs
2. Útgjöld ríkissjóðs
3. Efnahagur, lánsfjármál og fjárhagsáhættur
4. Heimildir ráðherra



# Tekjur ríkissjóðs (A1-hluta)



# Helstu forsendur tekjuáætlunar

## Skattatölfræði

- Álagning opinberra gjalda og annarra skatta
- Innheimta skatta og annarra tekna
- Ríkisreikningur (skv. IPSAS)
- Uppgjör Hagstofu (skv. GFS)

## Skattkerfið

- Ákvæði skattalaga og reglugerðir
- Ný áform um skattkerfisbreytingar
- Skattframkvæmd

## Efnahagsmál

- Þjóðhagsspá Hagstofu
  - Hagvöxtur
  - Atvinna
  - Verðbólga
  - Einkaneysla
  - Launaþróun
  - o.fl.


## Annað

- Ytri breytur, t.d. aflamagn, erlendir ferðamenn, o.fl.
- Hegðunarbreytur
- Teygnistuðlar
- Óreglulegir liðir
- O.fl.



# Tekjurnar leita jafnvægis

Skatttekjur og tryggingagjöld án óreglulega liða í hlutfalli af VLF





# Þróun tekjuáætlunar

Rekstrargrunnur, m.kr.	2023 <sup>1</sup>	Áætlun		% af VLF		
		Endurmat 2024	Frumvarp 2025	2023	Endurmat 2024	Frumvarp 2025
<b>Skatttekjur</b> .....	<b>984.031</b>	<b>1.067.672</b>	<b>1.140.487</b>	<b>23,0</b>	<b>23,3</b>	<b>23,3</b>
Skattar á tekjur og hagnað .....	455.248	481.800	505.500	10,6	10,5	10,3
Skattar á launagr. og vinnuafll .....	11.752	12.256	13.054	0,3	0,3	0,3
Eignarskattar .....	14.969	14.626	14.629	0,3	0,3	0,3
Skattar á vöru og þjónustu .....	480.171	534.912	581.363	11,2	11,7	11,9
Tollar og aðflutningsgjöld .....	6.105	7.429	7.780	0,1	0,2	0,2
Aðrir skattar .....	15.786	16.649	18.161	0,4	0,4	0,4
<b>Tryggingagjöld</b> .....	<b>127.958</b>	<b>140.756</b>	<b>149.796</b>	<b>3,0</b>	<b>3,1</b>	<b>3,1</b>
<b>Fjárframlög</b> .....	<b>8.822</b>	<b>7.176</b>	<b>7.565</b>	<b>0,2</b>	<b>0,2</b>	<b>0,2</b>
<b>Aðrar tekjur</b> .....	<b>167.537</b>	<b>157.885</b>	<b>150.610</b>	<b>3,9</b>	<b>3,5</b>	<b>3,1</b>
Eignatekjur .....	94.853	109.490	99.562	2,2	2,4	2,0
Vaxtatekjur .....	46.336	41.191	39.283	1,1	0,9	0,8
Arður og hluti af tekjum ríkisft. ....	37.495	56.832	46.018	0,9	1,2	0,9
Aðrar eignatekjur .....	11.022	11.467	14.260	0,3	0,3	0,3
Sala á vöru og þjónustu .....	57.874	41.726	43.998	1,4	0,9	0,9
Ýmsar tekjur .....	14.810	6.669	7.050	0,3	0,1	0,1
<b>Heildartekjur ríkissjóðs</b> .....	<b>1.288.348</b>	<b>1.373.489</b>	<b>1.448.456</b>	<b>30,1</b>	<b>30,0</b>	<b>29,6</b>


<sup>1</sup> Byggt á tölum Hagstofu í mars 2024.



# Tekjur ríkissjóðs í takt við áætlanir


Tekjur árið 2024 nú áætlaðar 17 milljörðum meiri en við gerð fjárlaga

Tekjur áætlaðar 17 ma.kr. meiri en í fjárlögum



# Afskriftir skattkrafna endurmetnar

Endurskoðuð aðferðarfræði leiðir til minni afskrifta en um árabíl



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið.

- Skattkröfur eru eignfærðar í efnahagsreikningi ríkisins
- Verðmæti eigna ber að meta af raunsæi
- Mat á skattkröfum byggist m.a. á tegund skatts, aldri kröfu og innheimtureynslu
- Breytt aðferðarfræði við matið er hluti af innleiðingu IPSAS-staðalsins í reikningskil ríkisins
- Innleiðingunni er nú lokið en hún leiddi til mikilla afskrifta 2018–2021
- Afskriftir hafa bein áhrif á afkomu A1-hlutans, hin sömu hvort sem hún er á grunni IPSAS eða GFS en athuga ber að:
- IPSAS: Afskriftir færast sem gjöld
- GFS: Afskriftir færast sem tekjulækkun





# Skattabreytingar 2025

Tekjuáhrif (ma.kr.)

Tekjuáhrif helstu skattabreytinga á ríkissjóð 2025, ma.kr. <sup>1</sup> 2025

## *Lögfestar breytingar*

Tekjuskattur lögaðila hækkar úr 20% í 21% .....	6,7
<b>Samtals .....</b>	<b>6,7</b>

## *Ólögfestar breytingar*

Endurskoðun á skattlagningu ökutækja og eldsneytis .....	8,0
Breytingar á gjaldtöku á ferðaþjónustu .....	1,9
Veiðigjald .....	2,0
Gjaldtaka á fiskeldi .....	0,3
Breyttar reglur um reiknað endurgjald .....	0,5
Hækkun krónutölugjalda um 2,5% <sup>2</sup> .....	1,4
<b>Samtals .....</b>	<b>14,1</b>

**Lögfestar og ólögfestar breytingar samtals .....** **20,8**


1. Fjárhæðir tákna áhrif hverrar kerfisbreytingar í samanburði við óbreytt kerfi á árinu 2025. Fjárhæðir eru með hliðaráhrifum á virðisaukaskatt.

2. Hækkun krónutölugjalda er í samræmi við verðbólguþolmarkmið Seðlabanka Íslands.



# Samsetning tekna ríkisins af sköttum og tryggingagjöldum 2025

Samtals áætluð 1.290 ma.kr.






# Tekjuáætlun 2025

Heildartekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 1.448 ma.kr. eða 29,6% af VLF

## Áætlaðar tekjur 2025 hækka um 2 ma.kr. frá fjármálaáætlun

Helstu breytingar á tekjuáætlun ársins 2025 (ma.kr.)






# Skattastyrkir 2025 eftir tegund skatts

Heldur hefur dregið úr umfangi skattastyrkja undanfarin ár

## Skattastyrkir sem hlutfall af VLF



## Skattastyrkir flokkaðir eftir tegund skatts

	2023	2024	2025
Tekjuskattur einstaklinga .....	8.968	11.223	7.576
Tekjuskattur lögaðila .....	1.308	2.803	2.913
Fjármagnstekjuskattur .....	7.264	11.703	12.475
Eignarskattar .....	636	651	762
VSK .....	118.972	106.655	112.938
Vörugjöld og aðrir neysluskattar .....	7.928	8.395	8.367
<b>Alls .....</b>	<b>145.076</b>	<b>141.430</b>	<b>145.030</b>



# Gjöld ríkissjóðs (A1-hluta)



# Forsendur frumvarpsins

- **Frumvarpið grundvallast á stefnumörkun gildandi fjármálaáætlunar**
  - Meginleiðarljós áætlunarinnar er að tryggja bætta afkomu ríkissjóðs sem felst í því að haldið er aftur af útgjaldavexti þannig að útgjöld lækki sem hlutfall af VLF
- **Uppfærsla vegna þjóðhagsspár og nýrrar tekjuáætlunar**
- **Ákvarðanir ríkisstjórnarinnar við undirbúning frumvarpsins**
  - Krónutölugjöld hækka um 2,5% (áhrif á tekjuhlið)
  - Framlag til reksturs almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu
  - Hækkun á almennu frítekjumarki ellilífeyrisþega



# Heildarútgjöld málefnasviða - samsetning

Heildarútgjöld málefnasviða er sett fram samkvæmt IPSAS reikningsskilastaðlinum

Heildarútgjöld ríkissjóðs skv. 1. gr. fjárlaga er sett fram á þjóðhagsgrunni sbr. GFS-hagskýrslustaðlinum

Um mun á framsetningu er fjallað í viðauka í greinargerð með frumvarpinu

## Rammasett útgjöld

- Útgjaldarammar málefnasviða og málaflokka

## Undanskildir liðir

- Lífeyrisskuldbindingar
- Afskriftir skattkrafna
- Tapaðar kröfur og tjónabætur
- Ríkisábyrgðir
- Framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs
- Framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

## Vaxtagjöld ríkissjóðs



# Heildarfjárheimildir 2025

## - breytingar frá fjárlögum ársins 2024 á föstu verðlagi

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2024	Frumvarp <sup>1</sup> 2025	Breyting m.kr.	Breyting %
Rekstrarframlög .....	622.613	621.561	-1.051	-0,2
Rekstrartilfærslur .....	476.165	494.307	18.143	3,8
Fjármagnstilfærslur .....	54.956	56.920	1.963	3,6
Fjárfestingarframlag .....	66.135	73.845	7.710	11,7
<b>Rammasett útgjöld .....</b>	<b>1.219.869</b>	<b>1.246.634</b>	<b>26.765</b>	<b>2,2</b>
Vaxtagjöld .....	99.107	98.096	-1.011	-1,0
Aðrir liðir utan ramma <sup>2</sup> .....	171.927	152.689	-19.238	-11,2
<b>Heildargjöld .....</b>	<b>1.490.902</b>	<b>1.497.418</b>	<b>6.516</b>	<b>0,4</b>
Rekstrartekjur .....	64.330	71.109	6.779	10,5
Framlag úr ríkissjóði .....	1.318.888	1.402.668	83.780	6,4
Viðskiptahreyfingar .....	107.684	23.642	-84.042	-78,0
<b>Samtals fjármögnun .....</b>	<b>1.490.902</b>	<b>1.497.418</b>	<b>6.516</b>	<b>0,4</b>

Raunvöxtur  
rammasettra  
útgjalda er um  
2,2% milli ára

<sup>1</sup> Án verðlagshækkana


<sup>2</sup> Aðrir liðir utan ramma: ríkisábyrgðir, afskriftir skattkrafna, lífeyrisskuldbindingar, Atvinnuleysistryggingasjóður og framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.





# Rammasett útgjöld eftir tilefnum

Breytingar frá fjárlögum 2024 til frumvarps til fjárlaga 2025



**78 ma.kr.**

Breyting frá fjárlögum

**27 ma.kr.**

Breyting án launa- og verðlagsbóta  
(2,2% raunvöxtur)

# Ráðstafanir til að draga úr útgjaldavexti

Markmið aðgerðanna er að draga úr ríkisumsvifum, treysta stöðu ríkissjóðs og vinna gegn þenslu og verðbólgu í hagkerfinu.



## Almennt aðhaldsviðmið 2,2 ma.kr.

- Almenn aðhaldskrafa verður 1%.
- Engin aðhaldskrafa á heilbrigðis- og öldrunarstofnanir, skóla og löggæslu.
- Ráðuneyti og stofnanir skuli nýta fjármuni með sem hagkvæmustum hætti.



## Afkomubætandi ráðstafanir 9 ma.kr.

- Ráðstafanir til að stöðva skuldasöfnun og bæta afkomu ríkissjóðs.
- Ekki ráðist í flatan niðurskurð.
- Sérstækar aðgerðir s.s. lækkun, frestun eða niðurfelling framlaga til einstakra verkefna.



## Sértækar ráðstafanir 17 ma.kr.

- Ráðstafanir úr fjármálaáætlun 2025-2029.
- Hægari útgjaldavöxtur og skapar svigrúm fyrir brýn verkefni.
- Forgangsröðun, hagræðing og betri nýting fjármuna.




# Útfærsla á 9 ma.kr. afkomubætandi ráðstöfunum í fjárlagafrumvarpi 2025

Í fjárlagafrumvarpi ársins 2025 er búið að útfæra 9 ma.kr. afkomubætandi ráðstafanir sem gert er ráð fyrir á gjaldahlið í forsendum samþykkrar fjármálaáætlunar fyrir árin 2025-2029. Ráðstöfununum er ætlað að draga úr útgjaldavexti og ríkisumsvifum.

- 4% lækkun á ný og aukin verkefni úr FÁ 25-29
- 10% lækkun samkeppnis- og styrktarsjóða
- Fjárveitingar á varasjóði málaflokka felldar niður 2025
- Aukið hagræði í opinberum innkaupum
- Framlag til VIRK lækkað á árinu 2025
- Styrkir til fiskvinnslustöðva felldir niður
- Framlag til byggingar Jarðræktarmiðstöðvar lækkað
- Frekari lækkun jöfnunarframlags



# Skipting rammasettra útgjalda eftir málefnasviðum án launa-, gengis- og verðlagsbreytinga






# Breytingar frá fjárlögum 2024 eftir málefnasviðum



# Breytingar á rammasettum útgjöldum

## - frá fjárlögum 2024



\*Til annarra málefnasviða heyra málefnasvið 1-3, 6, 8, 10, 12-14, 16, 34

\*\* Málaflokkar 32.20 og 32.40 heyra undir félags-, húsnæðis- og tryggingamál. Málaflokkar 32.10 og 32.30 heyra undir heilbrigðismál

Án launa, gengis- og verðlagsbreytinga



# Stuðningur við kjarasamninga fyrir ungt fólk sem hátt vaxtastig bitnar einkum á



## Hækkun barnabóta

5 ma.kr.



## Gjaldfrjálsar skólamáltíðir

3,8 ma.kr.



## Hækkun hámarksgreiðslna í fæðingarorlofi

2,5 ma.kr.



## Hækkun húsnæðisbóta

2,5 ma.kr.

# 14 ma.kr. á árinu 2025



## Sérstakur vaxtastuðningur




(Greitt á árinu 2024)

5,5 ma.kr.

# Ný og aukin verkefni

Nokkur dæmi um aukin framlög til verkefna og þjónustu:




- 4,4 ma.kr. vegna breytinga á örorkulífeyriskerfinu
- 4 ma.kr. aukin framlög til Betri samgangna
- 3,6 ma.kr. hækkun vegna endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar 
- 2,7 ma.kr til hækkunar almenns frítekjumarks ellilífeyris
- 2,2 ma.kr. vegna styrkja til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu 
- 1,6 ma.kr. til inngildingar og málefna útlendinga
- 1,5 ma.kr. til framkvæmda við Þjóðarhöll 
- 1,4 ma.kr. til byggingar nýs fangelsis





# Aðgerðir í málefnum útlendinga

1,6 ma.kr. framlag til að mæta heildarsýn ríkisstjórnar í útlendingamálum



# Kröftugri fjárfestingu er viðhaldið

Heildarfjárheimildir til fjárfestinga og fjármagnstilfærslna 131 ma.kr., eða 2,7% af VLF



Bygging nýs Landspítala  
Aukinn kraftur í byggingu  
legudeildar við Sjúkrahúsið á  
Akureyri



Nýtt fangelsi í stað Litla-Hrauns



Uppbygging og viðhald  
samgönguinnviða



Bygging Þjóðarhallar í  
innan hússípróttum



Stofnframlög til uppbyggingar  
almenna íbúðakerfisins




Áframhaldandi stuðningur við  
rannsóknir, þróun og nýsköpun



# Áhersla lögð á húsnæðisstuðning

Stofnframlög til uppbyggingar almenna íbúðakerfisins áfram há

m.kr. á verðlagi 2024



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

## Annar húsnæðisstuðningur 2025:

- Hlutdeildarlán: 4 ma.kr. lánaheimild
- Húsnæðisbætur: 11,6 ma.kr. fjárveiting
- Vaxtabætur: 2,1 ma.kr. fjárveiting


## Skattstyrkir á tekjuhlöð:

- Skattfrjáls ráðstöfun (Fyrsta eign): 2,6 ma.kr.
- Afsláttur á fjármagnstekjuskatt vegna leigutekna: 4 ma.kr.
- 50% afsláttur á stimpilgjaldi vegna fyrstu kaupa: 0,6 ma.kr.
- Endurgreiðslur VSK til byggjenda íbúðarhúsnæðis: 10,5 ma.kr.



# Bygging Nýja Landspítalans

Uppsafnaðar ónýttar fjárheimildir námu um 16,5 ma.kr. í árslok 2023





## Áhrif á jafnrétti kynjanna

- Áhrif ráðstafna í frumvarpinu á jafnrétti voru metin, bæði á **tekju- og gjaldahlið**.
- Áhersla lögð á að meta áhrif af **nýjum verkefnum** eða öðrum ákvörðunum ríkistjórnar.
- Lagt mat á hvort ráðstafanir séu líklegar til að **stuðla að jafnrétti, viðhalda óbreyttu ástandi** eða **auka kynjabil/kynjamisrétti**.
- Mikill meiri hluti nýrra og aukinna verkefna er talinn **styðja við markmið um jafnrétti** á meðan aðrar ráðstafanir eru taldar **viðhalda óbreyttri stöðu**.
- Stærsti hluti aðhaldsaðgerða sem lagðar eru til eru taldar hafa **lítill áhrif á jafnrétti**.



# Almennur varasjóður A1-hluta

- **Hlutverk:** Skal að lágmarki nema 1% af fjárheimild fjárlaga og skal nýttur til að bregðast við tímabundnum, ófyrirsjáanlegum, óhjákvæmilegum útgjöldum sem ekki er hægt að bregðast við með öðrum hætti
- **Skilyrði:** Uppfylla þarf ströng skilyrði fyrir millifærslu innan ársins
- **Ónýttar heimildir:** Falla niður í árslok
- **Löng forsaga:** Upphaflega til að stilla af launa- og verðlagsbætur. Með tilkomu langtímaáætlunar bættist við óvissusvigrúm. Formgerður í núverandi mynd með lögum um opinber fjármál




# Almennur varasjóður A1-hluta

Talsverð lækkun frá fjárlögum 2024 þar sem launabætur v. ársins 2024 eru færð á málefnasvið

## Almennur varasjóður

Breytingar á milli árána 2024–2025

m.kr.






# Launa- og verðlagsbreytingar





# Launa- og verðlagsuppfærsla fjárlaga

Breyting á fjárlagagrunni vegna launa-, verðlags-, bóta- og gengisforsenda





# Launa- og verðlagsbreytingar

## Bætur almannatrygginga og atvinnuleysisbætur

- Atvinnuleysisbætur og bætur almannatrygginga hækka um 4,3% frá fyrra ári.
- Til grundvallar hækkuninni liggur verðbólguþá fyrir næsta ár, 3,9%, auk sérstakrar hækkunar vegna spár um að verðbólga reynist 6% árið 2024 á sama tíma og bætur almannatrygginga hækkuðu um 5,6%. Nemur viðbótarhækkunin mismuninum eða 0,4%.

## Launabreytingar fjárlaga eru jafnan tvíþættar

- Endurmat launaforsendna fyrri ára og mat á áhrifum þeirra á ársgrundvöll 16,9 ma.kr. Er það hærri tala en fyrri ár þar sem að launabætur vegna ársins 2024 höfðu ekki verið ákvarðar fyrir vegna lausra kjarasamninga.
- Enn er ósamið hjá 2/3 hluta opinberra starfsmanna og því enn töluverð óvissa um endanlegan kostnað ríkissjóðs af launabótum. Gert er ráð fyrir að launabætur ársins 2025 nemi 12,9 ma.kr.

## Almennar verðlagsforsendur

- Verðlagshækkun nemur 3,9% í samræmi við verðbólguþá Hagstofu Íslands fyrir 2025. Hækkun fjárheimilda vegna verðlagshækkunar nemur 11,4 ma.kr.

## Gengisforsendur

- Gengisforsendur miðast við meðalgengi júnímánaðar 2024. Veiking krónunnar felur í sér hækkun fjárheimilda sem nemur 1,0 ma.kr.




# Efnahagur, lánsfjármál og fjárhagsáhættur



# Útgáfa ríkisbréfa 2024

Rúmlega 90% af innlendra útgáfu í óverðtryggðum ríkisbréfum

Útgáfa ríkisbréfa á innlendum markaði á árinu 2024 eftir flokkum





# Fjármögnun ársins 2025


Fjárförf ríkissjóðs að mestu mætt með útgáfu ríkisbréfa

- Fjárförf ársins áætluð 165 ma.kr. (eftir sölu á hlut ríkissjóðs í Íslandsbanka).
- Heimild til útgáfu innlendra ríkisbréfa: 170 ma.kr.
- Innlend útgáfa, nettó: 29-34 ma.kr.
- Gert ráð fyrir litlum hreyfingum í erlendum lánum.
- Eftirstandandi hlutur ríkissjóðs í Íslandsbanka seldur.
- Reiknað með að krónuinnstæður lækki um 10 ma.kr.




# Lánsfjárjöfnuður batnar á milli ára

Skýrist að nær öllu leyti af fjárfestingarhreyfingum tengdum eldsumbrotum á Reykjanesi






# Skuldahorfur ríkissjóðs hafa versnað lítillega frá útgáfu gildandi fjármálaáætlunar



# Vaxtabyrði og endurlán vinna gegn lækkun skulda ríkissjóðs en afgangur af frumjöfnuði, eignasala og hagvöxtur vinna með henni

## Lækkun skuldahlutfalls árið 2025 næst ekki án sölu eigna

Framlag liða til breytinga í skuldahlutfalli ríkissjóðs milli ára, í VLF prósentustigum








# Endurgreiðsluferill skulda ríkissjóðs

Meðallíftími innlendra skulda 5,2 ár en 5 ár á erlendar


## Endurgreiðsluferill skulda ríkissjóðs

Ma.kr., ágúst 2024



# Vaxtagjöld ríkissjóðs árið 2025 hækka um 12 ma.kr. frá fjármálaáætlun

Vaxtagjöld ríkissjóðs í gildandi fjármálaáætlun og frumvarpi til fjárlaga ársins 2025




Vaxtagjöld 2025 hækka um 12 ma.kr. frá FÁ, 6 ma.kr. v/verðbóta og 6 ma.kr. v/vaxta og meiri lántöku.




# Krónuinnstæður lækkuðu á fyrri hluta ársins

Markmið um meðal sjóðstöðu verður áfram 40 ma.kr.




## Ójöfn fjárförf innan ársins hefur leitt til mikillar útgáfu ríkisvixla







# Erlendir fjárfestar auka hlut sinn í ríkisbréfum á ný

Hlutfallsleg skipting eigenda ríkisskuldabréfa eftir mánuðum



# Erlendir fjárfestar auka hlut sinn í ríkisbréfum á ný frh.






## Umfang ríkisábyrgða fer minnkandi

- Ríkisábyrgðir hafa lækkað úr 75% af VLF árið 2014 í **18% af VLF í júlí 2024**.
- 805 ma.kr. útistandandi í lok júlí 2024.
- ÍL-sjóður er á bak við 88% ríkisábyrgða.

# Ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs lækka í hlutfalli af VLF

Ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs í ma.kr. (v-ás) og í hlutfalli af VLF (h-ás)







# Lánshæfi ríkissjóðs

- Vorið 2019 tók FJR við því hlutverki að vera í samskiptum við lánshæfismatsfyrirtæki frá Seðlabanka Íslands.
- Langtíma einkunn ríkissjóðs tók síðast breytingum hjá S&P í lok ársins 2023 þegar hún hækkaði úr A í A+.
- Moody's birtir uppfært lánshæfismat 20. september.

	Einkunn	Horfur	Tilkynnt
Moody's	A-2	Jákvæðar	Júlí. 2023
S&P	A+	Stöðugar	Nóv. 2023
Fitch	A	Stöðugar	Maí 2020



# Heimildir ráðherra



## 6. gr. Fjárlaga - Heimildaákvæði

Í 40. gr. stjórnarskrár Íslands kemur fram að ekki megi selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild.

Í 46. gr. laga um opinber fjármál kemur einnig fram að afla skuli heimilda í lögum til að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma fasteignir, skip og flugvélar, söfn og safnhluta sem hafa að geyma menningarverðmæti, eignarhluti ríkisins í félögum og aðrar eignir sem verðgildi hafa.

Lagaheimildir til þessara ráðstafana hafa venju samkvæmt verið veittar í 6. gr. fjárlaga að undangengnu samráði við þá ríkisaðila sem bera ábyrgð á þeim málaflokkum sem um ræðir.



# Sala fasteigna

- Að selja fasteignina Lækjabakka við Geldingarlæk, Rangárþingi ytra.
- Að selja Kópavogsbraut 1c í Kópavogi eða færa eignina til Vigdísarholts ehf. í formi hlutafjár.



# Ráðstöfun lóða, spildna og jarða

- Að selja eða leigja landspildur ríkisins á Reykjanesi.
- Að heimila Jarðasjóði að ganga til samninga við ábúendur ríkisjarða um breytingar á ábúðarsamningum yfir í nýtt leigufyrirkomulag auk uppgjörs á eignum á viðkomandi leigujörð sé eignarhald í blandaðri eigu ríkisins og ábúandans.
- Að heimila ráðstöfun á landi Skriðufells í Skeiða- og Gnúpverjahreppi vegna áforma um uppbyggingu á starfsemi eða innviðum við Þjórsárdal.
- Að heimila ráðstöfun á landi Mógilsár í Reykjavík með sérleyfis- eða rekstrarleyfissamningum vegna áforma um uppbyggingu á þjónustumiðstöð og svifferju í Esjuhlíðum.
- Að heimila Jarðasjóði að selja jarðirnar Önundarhorn og Gíslakot, Rangárþingi eystra.
- Að ganga til samninga við Minjavernd um ráðstöfun á landi Ólafsdals í Gilsfirði.



# Kaup og leiga fasteigna

- Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir meðferðarheimili og þjónustustofnanir fatlaðra.
- Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Rannsóknarnefnd samgönguslysa.
- Að kaupa hesthús við Brúnastaði í Hjaltadal vegna hestafræðideildar Háskólans á Hólum.



# Kaup og sala hlutabréfa og aðrar ráðstafanir vegna umsýslu félaga

- Að koma á fót félagi í samstarfi við sveitarfélög um rekstur almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu.



# Ýmsar heimildir

- Að heimila ráðstöfun á losunarheimildum til flugrekenda, í samráði við ráðherra loftslagsmála, sem tilheyra íslenska ríkinu í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda.
- Að ganga til samninga um uppgjör á ÍL-sjóði með skiptum á eignum úr eignasafni sjóðsins og tilteknum eignum ríkissjóðs, eftir atvikum skuldabréf, hlutabréf og aðrar sambærilegar eignir ásamt því að gera upp fyrirbyggjandi ríkisábyrgð á skuldum ÍL-sjóðs.
- Að standa að stofnun sjóðs um verk Jóns Leifs tónskálds og ráðstöfun eigna og réttinda úr dánarbúi sonar Leifs Jónssonar til slíks sjóðar sem annars myndu renna til ríkissjóðs.





**Stjórnarráð Íslands**  
Fjármála- og efnahagsráðuneytið